



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Skipulagsstofnun
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir, svið deiliskipulags
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Kópavogi, 31. maí 2023
2009744

**Efni: Deiliskipulagsbreyting Kársneshafnar
Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1, 2, 3 og Þinghólsbraut 77 og 79. Svæði 13.**

Inngangur. Kópavogsbær hefur, með erindi dags. 2. febrúar, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 19. ágúst 2022. Athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum og umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum. Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn Kópavogsbæjar 10. janúar 2023 ásamt umsögn skipulagsdeildar um framkomnar athugasemdir, dags. 15. desember 2022.

Svar Skipulagsstofnunar. Borist hefur svar/bréf frá Skipulagsstofnun dags. 10. mars 2023 (til skipulagfulltrúa Kópavogs). Í bréfi Skipulagsstofnunar kemur fram að ekki sé hægt að taka afstöðu til deiliskipulagsbreytingarinnar.

UPPFÆRÐ GÖGN DEILISKIPULAGSINS – BEIÐNI UM FLÝTIMEÐFERÐ

Brugðist hefur verið við ábendingum Skipulagsstofnunar samanber svör/tillögur í minnisblaði skipulagsdeildar dags. 25. maí 2023 sem fylgja með gögnum málsins. Hjalögð gögn eru uppfærð, tekið er fram að um er að ræða leiðréttingar á gögnum sem breyta tillögunni ekki í grundvallaratriðum.

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 10. mars 2023 ásamt viðbrögðum skipulagsdeildar verða lagaðar fyrir sveitarstjórn til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Gögnin eru hér með send til Skipulagsstofnunar til yfirferðar - með fyrirvara um afgreiðslu skipulagsráðs, bæjarráðs og bæjarstjórnar Kópavogs. Þar sem athugasemdafrestur deiliskipulagstillögunnar var til 19. ágúst 2022 er hér með óskað eftir flýtimeðferð hjá Skipulagsstofnun því skammur tími er þar til að samþykkt deiliskipulag þarf að hafa verið auglýst í b-deild Stjórnatíðinda skv. 2. mgr. 42. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingarfyllt,
fh. Skipulagsfulltrúa

Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir
arkitekt, skipulagsdeild Kópavogs
Bréf þetta er sent í tölvupósti frá hildur.ros@kopavogur.is

Hjálagt: Minnisblað lögfræðideildar dag. 8. maí 2023, minnisblað skipulagsdeildar 25. maí 2023 og uppfærð gögn deiliskipulags með vísan til ábendinga Skipulagsstofnunar. Önnur gögn eru óbreytt þ.e. minnisblað um samgöngur og minnisblað um áhættumat vegna loftslagsbreytinga.

- Skipulagsuppdrættir og greinargerð í mkv. 1:1000 og 1:500 nr. 001, 002 og 003 - uppfært 25. maí 2023
- Skýringaruppdrættir nr. 004 og 005 - uppfært 25. maí 2023
- Umsögn skipulagsdeildar dags. 15. desember 2022. 1af2 - uppfærð 25. maí 2023
- Umsögn skipulagsdeildar dags. 15. desember 2022. 2af2 - uppfærð 25. maí 2023
- Minnisblað um umhverfisáhrif frá Mannviti - uppfært 19. maí 2023
- Minnisblað, húsakönnun - uppfært 21. apríl 2023
- Minnisblað um hljóðvist dags. 22. maí 2023

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026